

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/71/EB

frá 14. júlí 1999

um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/65/EB <sup>(2)</sup>, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB <sup>(4)</sup>, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/65/EB, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 99/1/EB <sup>(7)</sup>, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hið nýja, virka efni, asoxýstróbín, var skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/47/EB <sup>(8)</sup> eingöngu til nota sem sveppaeyðir, en án þess að tilgreind væru sérstök skilyrði, sem gætu haft áhrif á uppskeru sem meðhöndluð er með plöntuvarnarefnum er innihalda asoxýstróbín.
- 2) Skráningin í I. viðauka byggðist á mati upplýsinga sem voru lagðar fram vegna fyrirhugaðrar notkunar efnisins sem sveppaeyðis í korn- og vínrækt. Nokkur aðildarríki hafa lagt fram upplýsingar, sem varða notkun í korn-, vín- og bananarækt, í samræmi við kröfur á f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Fyrirliggjandi upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og þær nægja til þess að ákvarða megi leyfilegt hámarks magn leifa.

- 3) Séu engin ákvæði í gildi um leyfilegt hámarks magn leifa eða um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa á vettvangi bandalagsins skulu aðildarríkin fastsetja innlend bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE áður en til leyfisveitingarinnar kemur.
- 4) Með skráningunni í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE lauk tækni- og vísindalegu mati á asoxýstróbíni 22. apríl 1998 í formi endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar fyrir asoxýstróbín. Í þessari endurmatsskýrslu var viðtekinn dagskammtur fyrir asoxýstróbín ákvarðaður 0,1 mg/kg líkamsþyngdar. Ævilöng váhrif matvæla, sem eru meðhöndluð með asoxýstróbíni, á neytendur hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur, sem farið er eftir innan Evrópubandalagsins, með tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út <sup>(9)</sup> og reiknað hefur verið út að ekki sé ástæða til að ætla að leyfilegt hámarks magn leifa, sem fastsett er með þessari tilskipun, fari yfir þennan viðtekna dagskammt.
- 5) Við matið og þá umfjöllun, sem fór fram áður en kom til skráningar asoxýstróbíns í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, varð ekki vart bráðra eituráhrifa, sem kölluðu á að fastsettur yrði viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar.
- 6) Skilyrðin fyrir notkun asoxýstróbíns, hvað varðar tilteknar landbúnaðarafurðir, hafa þegar verið skilgreind þannig að hægt er að fastsetja endanlegt leyfilegt hámarks magn leifa.
- 7) Til að tryggja að neytendur séu nægilega verndaðir gegn váhrifum af völdum leifa í eða á afurðum, sem hafa ekki verið samþykktar, skal í varúðarskyni setja bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem miðast við neðri mörk greiningarákvörðunar fyrir allar afurðir sem ákvæði tilskipana ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE gilda um. Setning slíkra bráðabirgðagilda fyrir leyfilegt hámarks magn leifa á vettvangi bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir asoxýstróbín í samræmi við

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 172, 8.7.1999, bls. 40.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

<sup>(6)</sup> Stjtuð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtuð. EB L 21, 21.1.1999, bls. 21.

<sup>(8)</sup> Stjtuð. EB L 191, 7.7.1998, bls. 50.

<sup>(9)</sup> Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af Alþjóðlega umhverfisetirlitinu (GEMS: Global Environment Monitoring System)/Matvælaáætlun, í samræði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og í samræmi við VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, einkum lið 2.4.2.3. í B-hluta. Talið er að fjögur ár nægi til þess að ákvarða flest önnur frekari not asoxýstróbíns. Að þeim tíma liðnum skulu þessi bráðabirgðagildi um leyfilegt hámarksmagn leifa verða endanleg.

- 8) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila bandalagsins, á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um þau gildi sem ákvörðuð hafa verið í þessari tilskipun og athugasemdir þeirra þar að lútandi hafa verið teknar til greina. Framkvæmdastjórnin mun

kanna hvort unnt sé að setja vikmörk vegna innflutnings fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa fyrir tilteknar samsetningar varnarefna og uppskeru ef fullnægjandi gögn eru lögð fram.

- 9) Tekið er tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráð og tilmæli er varða verndun þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum.
- 10) Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi varnarefnaleifar bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

| Varnarefnaleifar | Leyfilegt hámarksmagn í mg/kg                                  |
|------------------|--|
| Asoxýstróbín     | 0,3 hveiti, rúgur, rúghveiti, bygg<br>0,05 (b) (*), annað korn |

(\*) Segir til um neðri mörk greiningarákvörðunar.

(b) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa.

##### 2. gr.

Eftirfarandi varnarefnaleifar bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

| Varnarefnaleifar | Leyfilegt hámarksmagn í mg/kg                           |
|------------------|---|
| Asoxýstróbín     | 0,01 (*) Mjólk<br>0,05 (*), Aðrar afurðir úr dýraríkinu |

(\*) Segir til um neðri mörk greiningarákvörðunar.

##### 3. gr.

Eftirfarandi varnarefnaleifar bætist við í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE:

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem ákvæði um leyfilegt hámarksmagn leifa gilda um               | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarksmagn (mg/kg) |
|---|---|
|   | Asoxýstróbín                                      |
| <b>1. Aldin, fersk, þurrkuð eða ósoðin, varin skemmdum með frýstingu, án viðbættis sykurs; hnetur</b> |   |
| i) SÍTRUSÁVEXTIR  | 0,05 (b) (*)                                      |
| Greipaldin  |   |
| Sítrónur  |   |
| Súraldin (lífmónur)   |   |
| Mandarínur (þar með taldar klementínur og aðrir blendingar)   |   |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem ákvæði um leyfilegt hámarks magn leifa gilda um | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn (mg/kg) |
|--|--|
|  | Asoxýstróbín                                       |
| Appelsínur   |  |
| Pómelónur  |  |
| Annað  |  |
| ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða án hennar)   | 0,1 (b) (*)  |
| Möndlur  |  |
| Parahnetur   |  |
| Kasúhnetur   |  |
| Kastaníuhnetur   |  |
| Kókoshnetur  |  |
| Heslihnetur  |  |
| Goðahnetur (makadamíahnetur)   |  |
| Pekanhnetur  |  |
| Furuhnetur   |  |
| Pistasíuhnetur   |  |
| Valhnetur  |  |
| Annað  |  |
| iii) KJARNÁVEXTIR  | 0,05 (b) (*)                                       |
| Epli   |  |
| Perur  |  |
| Kveði  |  |
| Annað  |  |
| iv) STEINALDIN   | 0,05 (b) (*)                                       |
| Apríkósur  |  |
| Kirsiber   |  |
| Ferskjur (þar með taldar nektarínur og áþekkir blendingar)                               |  |
| Plómur   |  |
| Annað  |  |
| v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN  |  |
| a) Vínber og þrúgur  | 2  |
| Vínber   |  |
| Þrúgur   |  |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem ákvæði um leyfilegt hámarks magn leifa gilda um | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn (mg/kg) |
|--|--|
|  | Asoxýstróbín                                       |
| b) Jarðarber (önnur en villt)  | 0,05 (b) (*)                                       |
| c) Klungurber (cane fruit) (önnur en villt)  | 0,05 (b) (*)                                       |
| Brómber  |  |
| Elgsber  |  |
| Logaber  |  |
| Hindber  |  |
| Annað  |  |
| d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)   | 0,05 (b) (*)                                       |
| Aðalbláber (ber af tegundinni <i>Vaccinium myrtillus</i> )                               |  |
| Trönuber   |  |
| Rífsber (rauð og hvít) og sólber   |  |
| Garðaber   |  |
| Annað  |  |
| e) Villt ber og villtir ávextir  | 0,05 (b) (*)                                       |
| vi) ÝMISS KONAR ALDIN  |  |
| Lárperur   |  |
| Bananar  | 0,1  |
| Döðlur   |  |
| Fíkjur   |  |
| Kíví   |  |
| Kúmhvatar (dvergappelsínur)  |  |
| Litkaaldin   |  |
| Mangó  |  |
| Ólífur   |  |
| Píslaraldin  |  |
| Ananas   |  |
| Granatepli   |  |
| Annað  | 0,05 (b) (*)                                       |
| <b>2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað</b>                                 | 0,05 (b) (*)                                       |
| i) RÓTARÁVEXTIR OG HNYÐI   |  |
| Rauðrófur  |  |
| Gulrætur   |  |
| Hnúðsilla (rótsellerí)   |  |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem ákvæði um leyfilegt hámarks magn leifa gilda um | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn (mg/kg) |
|--|--|
|  | Asoxýstróbín                                       |
| Piparrót   |  |
| Ætífiþill  |  |
| Nípur  |  |
| Seljurót   |  |
| Radísur  |  |
| Hafursrót  |  |
| Sætuhnúðar   |  |
| Gulrófur   |  |
| Næpur  |  |
| Kínakartöflur  |  |
| Annað  |  |
| ii) LAUKAR   |  |
| Hvítlaukur   |  |
| Laukur   |  |
| Skalottlaukur  |  |
| Vorlaukur  |  |
| Annað  |  |
| iii) ALDINGRÆNMETI   |  |
| a) Náttskuggaætt   |  |
| Tómatar  |  |
| Paprikur   |  |
| Eggaldin   |  |
| Annað  |  |
| b) Graskersætt — með ætu hýði  |  |
| Gúrkur   |  |
| Smágúrkur  |  |
| Dvergbítar   |  |
| Annað  |  |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem ákvæði um leyfilegt hámarks magn leifa gilda um | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn (mg/kg) |
|--|--|
|  | Asoxýstróbín                                       |
| c) Graskersætt — með óætu hýði   |  |
| Melónur  |  |
| Grasker  |  |
| Vatnsmelónur   |  |
| Annað  |  |
| d) Sykurmaís   |  |
| iv) KÁL  |  |
| a) Blómstrandi kál   |  |
| Spergilkál   |  |
| Blómkál  |  |
| Annað  |  |
| b) Kálhöfuð  |  |
| Rósakál  |  |
| Höfuðkál   |  |
| Annað  |  |
| c) Blaðkál   |  |
| Kínakál  |  |
| Grænkál  |  |
| Annað  |  |
| d) Hnúðkál   |  |
| v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR   |  |
| a) Salat o.fl.   |  |
| Karsi  |  |
| Lambasalat   |  |
| Salat  |  |
| Vetrarsalat  |  |
| Annað  |  |
| b) Spínat o.fl.  |  |
| Spínat   |  |
| Strandblaðka   |  |
| Annað  |  |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem ákvæði um leyfilegt hámarks magn leifa gilda um | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn (mg/kg) |
|--|--|
|  | Asoxýstróbín                                       |
| c) Brunnerperla  |  |
| d) Jólasalat   |  |
| e) Kryddjurtir   |  |
| Kerfill  |  |
| Graslaukur   |  |
| Steinselja   |  |
| Blaðsellerí  |  |
| Annað  |  |
| vi) BELGÁVEXTIR (ferskir)  |  |
| Baunir (með fræbelg)   |  |
| Baunir (án fræbelgs)   |  |
| Ertur (með fræbelg)  |  |
| Ertur (án fræbelgs)  |  |
| Annað  |  |
| vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt)  |  |
| Spergill   |  |
| Salatþistill   |  |
| Sellerí  |  |
| Fennika  |  |
| Ætiþistill   |  |
| Blaðlaukur   |  |
| Rabarbari  |  |
| Annað  |  |
| viii) SVEPPIR  |  |
| a) Ræktaðir ætisveppir   |  |
| b) Villtir ætisveppir  |  |
| <b>3. Belgávextir (þurrkaðir)</b>  | 0,05 (b) (*)                                       |
| Baunir   |  |
| Linsubaunir  |  |
| Ertur  |  |
| Annað  |  |

| Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem ákvæði um leyfilegt hámarks magn leifa gilda um | Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn (mg/kg) |
|--|--|
|  | Asoxýstróbín                                       |
| <b>4. Olíufræ</b>  | 0,05 (b) (*)                                       |
| Hörfræ   |  |
| Jarðhnetur   |  |
| Valmúufræ  |  |
| Sesamfræ   |  |
| Sólblómafræ  |  |
| Repjufræ   |  |
| Sojabaunir   |  |
| Mustarðskorn   |  |
| Baðmullarfræ   |  |
| Annað  |  |
| <b>5. Kartöflur</b>  | 0,05 (b) (*)                                       |
| Sumarkartöflur og kartöflur af haustuppskeru   |  |
| <b>6. Te</b> (svart te unnið úr laufi <i>Camellia sinensis</i> )                         | 0,1 (b) (*)  |
| <b>7. Humlar</b> (purkkaðir), þar með taldir humlaköggjar og óþykkjað duft               | 0,1 (b) (*)  |
| (*) Segir til um neðri mörk greiningarákvörðunar.  |  |
| (b) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa.                    |  |

## 4. gr.

1. Fyrir þær landbúnaðarafurðir, sem taldar eru upp í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE og í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE, þar sem leyfilegt hámarks magn leifa fyrir asoxýstróbín er gefið til kynna sem „(b)“, skal líta svo á að gildin séu til bráðabirgða (b) í samræmi við ákvæði f-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

2. Fjórum árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi skulu gildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa hvað varðar asoxýstróbín í viðaukunum eigi lengur vera til bráðabirgða heldur verða endanleg í skilningi 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 86/363/EBE eða 3. gr. tilskipunar 90/642/EBE.

## 5. gr.

1. Tilskipun þessi öðlast gildi 1. ágúst 1999.

2. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þessar ráðstafanir skulu gilda frá 1. febrúar 2000.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*6. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

---